

Reglugerð nr. 23 um ófyrirséð atvik í leikjum mfl. karla og kvenna.

23.1 Leik í deildarkeppni sem ekki tekst að ljúka vegna ófyrirséðra atvika skal farið með á eftirfarandi hátt:

a) Hafi meira en helmingur leiksins verið leikinn skulu þau úrslit sem á töflunni eru, standa, og liðin hljóta stig eftir því. Sé jafnt þegar hið ófyrirséða atvik kemur upp, skal hvort lið fá eitt stig, en aukastigið skal falla niður.

b) Hafi innan við helmingur af leiknum verið leikinn skal leikurinn leikinn á ný frá byrjun.

23.2 Sé um leik milli landshluta að ræða skal ferðakostnaði, þess liðs sem ferðast þarf, skipt á eftirfarandi hátt:

a) ÍHÍ greiðir 50% samkvæmt meðal ferðakostnaði leiktímabilsins.

b) Gestalið greiðir 25% af ferðakostnaði samkvæmt meðal ferðaskostnaði leiktímabilsins.

c) Heimalið greiðir 25% af ferðakostnaði samkvæmt meðal ferðaskostnaði leiktímabilsins.

23.3 Leik í úrslitakeppni sem ekki tekst að ljúka vegna ófyrirséðra atvika skal farið með á eftirfarandi hátt:

a) Leikurinn skal leikinn aftur frá byrjun. Reglur um ferðakostnað eru þær sömu og í 23.2

23.4 Reglugerðin á einungis við þegar upp koma ófyrirséð atvik sem heimalið, sem fræmkvæmdaaðili leiksins, gat ekki séð fyrir.

23.4.1 Komi upp ágreiningur um hvort um ófyrirséð atvik var að ræða skal málinu vísað til aganefndar ÍHÍ sem þá úrskurðar um hvort atvikið var ófyrirséð eða ekki.

23.5 Vinnureglur dómara og skýringar hér að neðan teljast hluti af reglugerð þessari.

Vinnureglur dómara

Komi upp þau ófyrirséðu atvik í leik að ekki sé hægt halda leik áfram skal dómari:

1. Senda bæði lið til búningsherbergja sinna eftir að atvikið kemur upp.

2. Í samráði við starfsmenn leiksins láta athuga hvort líklegt sé að úr hinu ófyrirséða atviki verði bætt innan tímamarka sbr. 3. lið.

3. Hafi ekki verið bætt úr hinu ófyrirséða atviki innan 25 mínútna hafa dómarar leiksins heimild til að flauta leikinn af. Dómurunum er þó heimilt að bíða, hafi þeir um það vitneskju að stutt sé í að hægt sé að hefja leik að nýju.